

Kópavogur 16. nóvember 2011

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/221*  
*komudagur 17.11.2011*

### Umsögn um þingsályktunartillögu

#### Um skipan sannleiksnefndar til rannsóknar á málsmeðferð Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Undirritaður fagnar framkomnum drögum að þingsályktunartilögu þess efnis að forseti Alþingis skipi sérstaka sannleiksnefnd til að rannsaka hin svonefndu Geirfinns- og Guðmundarmál og þau margvíslegu álitamál sem uppi eru um sakamálarannsóknina á sínum tíma og þá dóma sem upp voru kveðnir í kjölfarið. Að gefnum kröfum um lögfulla sönnun og réttarreglur er ljóst að verulega mikið vantaði upp á að sekt sakborninga í umræddum málum gæti talist hafin yfir skynsamlegan vafa hvað þá sönnuð. Reyndar tel ég fulla ástæðu til að ætla að stjórnendum rannsóknarinnar hafi verið það ljóst að sakborningarnir voru hvergi viðriðnir hvarf þeirra Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar. Því sé nauðsynlegt að rannsaka, ekki aðeins hvort réttir dómar hafi verið felldir því næsta augljóst er að svo var ekki, heldur og einnig hvort að um einhverskonar samsæri rannsóknar- og dómsaðila hafi verið að ræða í því skyni að komast að fyrirfram tiltekinni, gefinni niðurstöðu. Eigi nefndin að standa undir nafni er brýnt að henni sé falið að fara rækilega ofan í kjölinn á rannsókninni, bæði þeirri sem hófst með hvarfi Geirfinns í Keflavík í nóvember 1974 og þeirri rannsókn sem hófst rúmu ári síðar og leiddi til handtöku Sævars Ciesielski í desember 1975 og lauk með dómi Sakadóms 1977.

Gerð er athugasemd við þann huta greinargerðinnar sem fjallar um þátt rannsóknaraðila þar sem lítið er gert úr mögulegri ábyrgð þeirra. Hvorki tíðarandi, réttarreglur né önnur viðmið þess tíma skýra eða réttlæta þá meðferð sem sakborningar máttu sæta eða vinnubrögð að öðru leyti. Sömuleiðis getur vankunnátta harla talist afsökun fyrir því að málin voru drifin áfram af jafn mikilli hörku og raun ber vitni þótt í þau vantaði allan tímann látnar manneskjur, vitni, tengingu á milli sakborninga og hinna horfnu og önnur sönnunargögn en byggt á reikulum framburðum og jafnvel óundirrituðum lögregluskýrslum. Þá liggur fyrir að rannsakendur tóku ekki mark á afturköllun sakborninga af því að þeir vissu betur eins og skjalfest er í málinu. Fákunnátta íslensku lögreglunnar, saksóknaraembættis og Sakadóms Reykjavíkur kann að hafa verið umtalsverð en af hverju var ekki gripið í taumana þegar fjórmeningarnir svokölluðu voru látnir lausir eftir rúmlega 100 daga gæsluvarðhald 1976 en þess í stað sömu rannsóknaraðilar látnir halda áfram með málin og í raun falið að rannsaka eigin mistök?

Aðkomu og stöðu Karl Schutz fyrrverandi yfirmanns BKA V-þýsku leynilögreglunnar er sérstakt rannsóknarefni út af fyrir sig. Schutz virðist hafa lítið svo á að honum væri falið að pakka málinu saman eftir klúðrið með fjórmeningana sem þá höfðu verið látnir lausir. Hann virðist líka hafa álitnið að hann væri sendur til Íslands til að bjarga ríkisstjórn landsins frá falli eins og hann lýsti í þýskum fjölmíðlum. Hann hafði stöðu ráðgjafa en það sést m.a. á dagbókum Síðumúlafangelsisins að það er hann sem stjórnar eftir komuna til landsins. Mikilvægt er að varpa ljósi á þetta og á hvaða forsendu Schutz var í raun og veru fenginn til landsins.

Af framansögðu leiðir að til að sannleiksnefnd sú sem þingsályktunartillagan nær til fái stöðu til að komast sem best til botns í þessum vafasömu málum að þá þarf að tryggja nefndinni víðtækar

rannsóknarheimildir umfram það sem tekið er fram í tillögunni. Sömuleiðis er hér lagt til að tekið sé skýrt fram að nefndin hafi víðtækar heimildir til að kalla til skýrslutöku alla þá sem málið varðar sem sé þá skylt að hlíta þeirri boðun. Í ljós hefur komið að stjórnendur rannsóknarinnar í Reykjavík og starfsmenn þeirra hafa ekki viljað ræða málin á opinberum vettvangi en það er forsenda faglegs starfs nefndarinnar. Varðandi þetta atriði þarf orðalag að vera mun skýrara en fram kemur í tillögunni þar sem talað er um að leitast við að ná til aðila.

Í tillögunni segir að sannleiksnefnd skuli skipuð sagnfræðingi, lögfræðingi og reynslumiklum fjölmiðlamanni. Hér er það lagt til að fremur verði leitað eftir erlendum sérfræðingi á sviði sakamálarannsóknna sem komi til liðs við nefndina heldur en fjölmiðlamanni. Sömuleiðis gæti heimspekingur með sérþekkingu á mannréttindum styrkt starfið.

Í tillögunni er ekki getið um það hvernig niðurstöðum skuli skilað né hvað gert skuli úr þeim. Úr þessu þyrfti að mínu mati að bæta. Ég legg til að tekið sé fram að niðurstöður sannleiksnefndarinnar verði gefnar út bæði í bók og á rafrænu formi. Samhliða þessari vinnu er mikilvægt að Alþingi hefji endurskoðun á lögum um endurupptöku mála og skoði það sérstaklega í tengslum við undirbúning á breytingu á stjórnarská hvort ekki sé rétt að komið verði á fót óháðri endurupptökunefnd í umdeildum dómsmálum. Í öllu falli virðist ljóst að með núverandi fyrirkomulagi mun réttlætið varla ná fram að ganga, jafnvel þótt þorri almennings sé fyrir löngu búinn að átta sig á því að málsmeðferð sé meingölluð og sekt allsendis ósönnuð.

Sigursteinn Másson